

681
22. 8. 2012
8.14.1
D91202 262262



Vopnafjarðarhreppur
Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 25. september 2012
Tilv.: UMH12090058/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 11. september sl. þar sem sveitarfélagið sækir um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað Vopnafjarðarhrepps á Búðaröxl. Í erindinu kemur fram að send hafi verið fullgild starfsleyfisumsókn fyrir urðunarstaðinn til Umhverfisstofnunar og því sé sótt um undanþáguna á meðan unnið er að umhverfismati og útgáfu starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn.

Hinn 27. ágúst sl. hafnaði ráðuneytið beiðni sveitarfélagsins um undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Ráðuneytið féllst ekki á að veita Vopnafjarðarreppi áframhaldandi undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Búðaröxl, þar sem ráðuneytið tók undir það sjónarmið Umhverfisstofnunar að forsenda fyrir veitingu tímabundinna undanþágu frá starfsleyfi, til að brúa bilið frá því að starfsleyfið félli úr gildi og þar til nýtt starfsleyfi yrði gefið út, væri að Vopnafjarðarhreppur sendi inn fullnægjandi umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn. Myndi Vopnafjarðarhreppur sækja um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir núverandi urðunarstað á Búðaröxl í framhaldi af fullnægjandi umsókn til Umhverfisstofnunar um nýtt starfsleyfi fyrir núverandi urðunarstað á Búðaröxl myndi ráðuneytið taka nýtt erindi Vopnafjarðarhrepps til umfjöllunar.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr. Samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal móttökustöð fyrir úrgang hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar frá 11. september sl. til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 19. þ.m., og þar staðfestir stofnunin að umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Búðaröxl hafi borist og teljist fullnægjandi. Gerð hafi verið breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins og búið sé að útbúa


deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn. Undirritaðir skipulagsuppdrættir fylgi umsókninni. Með umsókninni fylgi einnig samþykki Skipulagsstofnunar fyrir því að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum og útgáfu starfsleyfis, í samræmi við heimild í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vilji halda til haga að í umsókninni er sótt um tímabundið starfsleyfi til 1. október 2014 en eftir samtal við ráðgjafa Vopnafjarðarhrepps sé ljóst að misskilningur lá þar að baki og muni endurbætt umsókn, væntanlega með ósk um gildistíma til 16 ára, verða send á næstunni. Þetta atriði hafi því ekki áhrif á gildi umsóknarinnar. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við að Vopnafjarðarhreppi verði veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Búðaröxl á meðan unnið verði að mati á umhverfisáhrifum og útgáfu starfsleyfis. Samkvæmt tímaáætlun í tillögu Vopnafjarðarhrepps að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum, sem fylgdi umsókn um starfsleyfi, sé gert ráð fyrir að umhverfismati ljúki upp úr næstu áramótum. Þá taki við vinna við gerð og útgáfu starfsleyfis sem búast megi við að taki 6-8 mánuði.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, fellst ráðuneytið á að veita Vopnafjarðarhreppi áframhaldandi undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Búðaröxl að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


1. Vopnafjarðarhreppur skal uppfylla ákvæði fyrra starfsleyfis, sem gefið var út af Hollstuvernd ríkisins 5. september 2002, og ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem og reglugerða settra á grundvelli þessara laga og
2. Umhverfisstofnun skal fara með framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. janúar 2014.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Kjartan Ingvarsson

Afrít:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Austurlands